



## **Aðalfundur Hamra útílífsmiðstöðvar skáta Akureyri**

**10. mars. 2020**

### **Tillögur til Akureyrarbæjar.**

Eftirfarandi þrjár tillögur eru efnislega samhljóma fyrri tillögum um þessi efni sem aðalfundur hefur áður fjallað um, samþykkt og sendar hafa verið Akureyrarbæ. Þetta eru allt mikilvægar tillögur fyrir starfsemina að Hömrum. Tillögurnar eru sérstaklega mikilvægar núna þar sem þær tengjast allar fyrirhugaðri lokun tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti. Það er ósk okkar að tillögunum verði beint í réttan farveg innan stjórnkerfis bæjarins og að þær fái efnislega umfjöllun.

#### **Tillaga 1.**

##### **Tillaga um akstur strætisvagna.**

Aðalfundur Hamra útílífsmiðstöðvar skáta Akureyri haldinn þann 10. mars 2020 samþykkir að ítreka fyrri áskoranir sínar til bæjaryfirvalda um að komið verði á akstri strætisvagna að Hömrum á rekstrartíma tjaldsvæðisins. Tillaga þessi er m.a. flutt í tilefni af samþykkt bæjarráðs dags. 20. febrúar 2020 um stofnun starfshóps til að endurskoða leiðakerfi SVA.

Greinargerð.

Þar sem til stendur að frumkvæði Akureyrarbæjar að hætta rekstri tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti teljum við nauðsynlegt að komið verði á akstri strætisvagna að tjaldsvæðinu að Hömrum. Talsverður fjöldi tjaldgеста nýtir sér almenningsamgöngur til ferðalaga á milli staða innanlands. Gera má ráð fyrir að með aukinni umhverfisvitund er varðar kolefnisspor ferðalanga muni þessi ferðamáti aukast í framtíðinni. Þar sem talsverð vegalengd er að Hömrum og svæðið getur vart talist í hæfilegu göngufæri frá miðbæ Akureyrar beinum við þessari tillögu til bæjarins. Við bendum einnig á að akstur strætisvagna að Hömrum og í Kjarnaskóg mun nýttast hinum fjölmörgu bæjarbúum sem nýta sér svæðin til útivistar.

#### **Tillaga 2**

**Tillaga um nýjar tjaldflatir.** Aðalfundur Hamra útílífsmiðstöðvar skáta á Akureyri haldinn þann 10. mars 2020 samþykkir m.a. í ljósi fyrirhugaðrar lokunar tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti að ítreka við Akureyrarbæ að hraða vinnu við stækkun svæðisins til norðurs sbr. fyrri samþykktir þar um. Fundurinn skorar á bæjaryfirvöld að tryggja fjármagn til verksins í ár og næstu ár eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Í tengslum við framkvæmdir við tjaldflatir þarf að endurskipuleggja aðkomu að beitolöndum hestamanna sbr. fyrri tillögur um göngu- og reiðleiðir norðan Hamra.

## Greinargerð

Vegna fjölgunar ferðamanna, breytts ferðamáta og ferðatíma tjaldgеста. Og mikils álags á tjaldflatir á Hömrum ásamt lokun tjaldsvæðisins við Þórunnarstræti er mjög mikilvægt að framkvæmdum við tvær nýjar tjaldflatir nr. 19 og 20 norðan Hamra sbr. gildandi deiliskipulag verði hraðað eins og kostur er. Efnisflutningar inn á svæðið frá gatnaframkvæmdum í Hagahverfi er nú að mestu lokið og mikilvægt að hægt verði að halda áfram við framkvæmdir við jöfnun og formun tjaldflata ásamt sáningu í þær. Einnig þarf að ráðast í nauðsynlega vegagerð og lagningu veitna inná svæðið og frárennsli á komandi sumri.

Þess má geta að í tengslum við landsmót skáta í sumar er ráðgert að hefja umfangsmikla útplöntun trjáplantna á jaðri svæðisins til skjólmyndunar.

## Tillaga 3

### Tillaga um samninga um uppbyggingu og eignarhald

Í tilefni af því að liðin eru 20 ár frá því að formleg starfsemi útilífsmiðstöðvarinnar að Hömrum hófst skorar aðalfundur Hamra haldinn þann 10. mars 2020 enn og aftur á bæjaryfirvöld að ganga til samninga við skátahreyfinguna á Akureyri um uppbyggingu útilífsmiðstöðvar skáta á Hömrum Akureyri sbr. meginefni og markmið **Rammasamnings um uppbyggingu tjaldsvæðis og útilífsmiðstöðvar að Hömrum** frá 2008 og fyrri samþykktir bæjarins þar um.

## Greinargerð

Árið 1998 var gerður rekstrarsamningur á milli skátafélagsins Klakks og Akureyrarbæjar um rekstur tjaldsvæðis Akureyrar. Í samningnum er m.a. tekið fram að: **Litið er á samning þennan sem fyrsta skrefið að samningi milli félagsins og bæjarins um uppbyggingu nýrra tjaldsvæða að Hömrum o.s.frv.**

Þetta var gert í framhaldi af hugmyndavinnu skátahreyfingarinnar og kynningu á þeim til bæjaryfirvalda um uppbyggingu útilífsmiðstöðvar skáta að Hömrum og samþykkt bæjarstjórnar um málið árið 1993. Félagið fékk fyrst aðstöðu að Hömrum árið 1992. Að frumkvæði félagsins var samþykkt að hefja uppbyggingu að Hömrum og byggja þar upp tjaldsvæði bæjarins sbr. samþykktir bæjarins frá árinu 1995 og síðar.

Eiginlegar framkvæmdir hófust 1999. Skátafélagið hafi þá þegar gengist fyrir ýmsum framkvæmdum á undirbúningstímanum s.s. tiltekt og niðurrif útihúsa og ónýtra girðinga, gróðursetningu trjáplantna og gerðar tjaldflatar og uppbyggingu salernishúss undir Arnarkletti í Kjarnaskógi í tengslum við landsmót skáta árið 1993. Þar er nú tjaldflöt nr. 17 á tjaldsvæðinu.

Svæðið að Hömrum var formlega opnað árið 2000 og hefur starfsemin aukist ár frá ári og er tjaldsvæðið nú eitt af fjölsóttustu og vinsælustu tjaldsvæðum landsins með fyrirmyndar aðstöðu og þjónustu, sem er í boði allt árið. Viðhald, endurbætur og nýframkvæmdir hafa verið á höndum Akureyrarbæjar og rekstrarfélags í eigu skátafélagsins.

Í lok árs 2004 og byrjun árs 2005 var unnið að heildarsamningi á milli aðila um málið. Að mestu var lokið við gerð samnings um uppbyggingu og eignarhald tjaldsvæðis og útilífsmiðstöðvar að Hömrum ásamt fylgiskjólum. Samhliða voru gerð drög að rekstrarsamningum um rekstur á

tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti og drög að samningum um rekstur útilífsmiðstöðvar að Hömrum. Fá ágreiningsmál stóðu út af borðinu í janúar 2005 en einhverra hluta vegna varð ekki af samningum.

Árið 2008 var gerður nýr rekstrarsamningur um tjaldsvæðin þar sem m.a. var kveðið á um að samningurinn væri skref í átt að frekari samningi um uppbyggingu, rekstur og eignarhald framkvæmda á svæðinu. Samningur þessi var til 5 ára og hefur verið endurnýjaður óbreyttur síðan til tveggja ára í senn. Við gerð rekstrarsamningsins 2008 var endanlegri samningagerð um uppbyggingu og eignarhald slegið á frest.

Það er von okkar að nú verði gengið til samninga að nýju og þeim lokið með undirritun heildarsamnings.

**Þar sem í lok júní í sumar verða liðin 20 ár frá því að formleg starfsemi Útilífsmiðstöðvarinnar að Hömrum hófst leggjum við til að lokið verði við samninga fyrir þann tíma og þeir undirritaðir þá eða í tengslum við landsmót skáta að Hömrum 8-14 júlí.**